

**Fundargerð samstarfsnefndar  
Sambands íslenskra sveitarfélaga  
og  
Félaga háskólamenntaðra sérfræðinga**

Fundur var haldinn í samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga (SNS) og Félaga háskólamenntaðra sérfræðinga (FHS) mánudaginn 15. maí 2023.

**Á fundinum voru:**

Fyrir hönd félaganna: Hjalti Einarsson og Júlíana Guðmundsdóttir

Fyrir hönd sambandsins: Bjarni Ómar Haraldsson og Margrét Sigurðardóttir, sem ritaði fundargerð.

**Þessi mál voru tekin fyrir:**

**1. Misræmi á launatöflum**

Starfsmati er ætlað að meta störf þannig að sömu laun séu greidd fyrir störf sem falla undir sama stigafjölda samkvæmt tengitöflu starfsmats.

Það starfsfólk sem er í launaflokkum 150 til 162 samkvæmt launatöflu aðildarfélaga BHM og er í starfsmati, fær umtalsvert lægri laun en ef það væri á launatöflu BSRB.

**Niðurstaða:**

Frá 1. apríl 2023 til 31. mars 2024 verður því starfsfólki sem er í aðildarfélögum BHM, er í störfum sem raðast samkvæmt starfsmati og er í launaflokkum 150 til 162 í launatöflu starfsmats, greidd önnur laun samkvæmt töflu 1 fyrir fullt starf til þess að jafna launamun þeirra sem eru í launaflokkum á bilinu 150-162 í aðildarfélögum BSRB.

Um er að ræða mánaðarlegar fjárhæðir sem greiddar eru út samningstímann eða þar til annað verður ákveðið. Greitt skal hlutfallslega miðað við starfshlutfall.

**Tafla 1**

Launaflokkur	Önnur laun
150	8,811
151	9,176
152	9,546
153	9,921
154	10,303
155	10,691
156	9,649
157	8,575
158	7,473
159	6,343
160	5,183
161	3,992
162	1,266

Fleira ekki gert.